

Ungmennafélag Akureyrar 2005

Ungmennafélag Akureyrar, **UFA** var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu líferni.

Hér á eftir fer árskýrsla félagsins fyrir starfsárið 2005.

Efnisyfirlit

Stjórn, endurskoðendur og fundarhöld 2005

Aðalstjórn

Gísli Pálsson	formaður
Hólmfríður Erlingsdóttir	varaformaður
Rannveig Oddsdóttir	ritari
Guðmundur Víðir Gunnlaugsson	gjaldkeri
Hugrún Sigurbjörnsdóttir	meðstjórnandi
Jenný Karlsdóttir	meðstjórnandi
Katrín Pálsdóttir	meðstjórnandi
Svanhildur Karlsdóttir	varamaður
Arna Brynja Ragnarsdóttir	varamaður

Skoðunarmenn reikninga

Hrönn Einarsdóttir	
Ævar Ragnarsson	
Sigþór Heimisson	varamaður
Magnús Arnarson	varamaður

Fundahöld

Aðalfundur UFA vegna ársins 2004 var haldinn 24. febrúar 2005 í Kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Fundarstjóri var Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri. Fundarritarar voru Rannveig Oddsdóttir og Hólmfríður Erlingsdóttir. Gestir fundarins voru Hringur Hreinsson stjórnarmaður UMFÍ, Sigfús Helgason varaformaður ÍBA, Kristinn Svanbergsson íþróttá- og tómsfundafulltrúi Akureyrar og Árni Arnsteinsson formaður UMSE.

Úr stjórn gekk Hannes Gardarsson en í stað hans var kjörin Katrín Pálsdóttir. Fundurinn fór fram með hefðbundnum hætti. Viðurkenningar voru veittar íþróttafólki félagsins fyrir góðan árangur og ástundun og bar þar hæst val á íþróttamanni UFA árið 2004 en þá nafnbót hlaut Ragnar Hólm Ragnarsson. Haldnir voru 27 stjórnarfundir á starfsárinu, sóttir allir formannafundir ÍBA, fulltrúar félagsins sóttu samráðsfund UMFÍ í Vík í Mýrdal og þing UMFÍ á Egilsstöðum, auk ýmissa annarra smærri funda í heimabyggð.

Skýrsla stjórnar

Próttmikið starf var innt af hendi hjá félaginu á liðnu ári. Fjöldi iðkenda er hægt vaxandi. Fríir æfingatímar voru í upphafi hverrar annar til kynningar nýjum iðkendum.

Aðstaða til iðkunnar á frjálsum íþróttum utanhúss verður í dag að teljast bágborin á Akureyri og er tækjakostur kominn í viðlíka horf, enda lítið verið endurnýjaður á liðnum árum en allt stendur þetta til verulegra bóta. Með Boganum stórbatnaði æfingaaðstaða yfir vetrartímam. Boginn gagnist þó ekki nema að hluta til frjálsíþróttaiðkunar vegna kulda, en húsið er óupphitað með öllu. Úr því er afar brýnt að bæta.

Sem fyrr hélt UFA úti heimasíðu þar sem fylgjast mátti með því sem á döfinni var, sem og helstu afrekum okkar fólks í keppnum. Er heimasíðan besti upplýsingamiðill félagsins og áriðandi að leggja rækt við hana á komandi tímum. Að mati stjórnar UFA er æfingagjöldum stillt í hof, nú sem fyrr. Er þá stuðst við samanburð við aðrar íþróttagreinar. Frjálsar íþróttir eru hjá UFA eins og víða annarsstaðar orðin heils árs íþrótt. Ástæðurnar eru margþættar. Nefna má bættu æfingaaðstöðu að vetrinum, aukna samkeppni um iðkendur og þjálfun þarf einfaldlega að vera meiri ef standast á harða keppni út á við.

Fjárhagur félagsins verður að teljast góður, en mikill tími og orka forystufólksins fer í að halda honum á réttum kili. Gefið var út kosningablað, nú í tengslum við sameiningakosningar sveitafélaga og var blaðinu dreift á hvert heimili á kosningasvæðinu sem var Eyjafjörður allur. Gekk útgáfan vel og er stærsta einstaka fjáröflunarleið félagsins. Auk blaðaútgáfunnar voru ýmsar hefðbundnar fjáröflunarleiðir farnar. Má nefna sölu á pennum fyrir Krabbameinsfélag Akureyrar og sölu á dagatölum fyrir Þroskahjálpi í samvinnu við framangreind félög. Þá var klósettpappír seldur sem fyrr og skilar sú sala alltaf sínu. Í tengslum við fyrirhugaðar utanlandsferðir ungmenna var fjármunum safnað með kleinubakstri og sölu þeirra, blómasölu, sokkasölu og fleira.

Mótahald er ein af þeim fjáröflunarleiðum sem gefur félögum tekjur. Er nú svo komið að fáir möguleikar eru til staðar í okkar félagi til slíkra verka vegna aðstöðuleysis. Akureyrarvöllur þykir ekki lengur ásættanlegur til keppnishalds og er erfitt að laða fólk að til keppni á honum, auk þess sem öll mót á vegum Frjálsíþróttasambandsins fara nú orðið fram á gerviefnum. Boginn er þó besta innanhúsaðstaðan á Norðurlandi þótt kaldur sé, en öll innanhúsmót á vegum FRÍ fara eftirleiðis fram í nýrri frjálsíþróttahöll í Reykjavík. Í stað þess að fá mótin heim í hérað og hafa af þeim tekjur þurfum við því að sækja annað og yfirleitt um langan veg með ærnum kostnaði.

Helstu viðburðir og verkefni.

Hér á eftir er getið helstu viðburða í starfi félagsins og er sú frásögn nokkuð í tímaröð. Starfi langhlaupardeildarinnar er þó einnig gerð skil í sérstakri frásögn aftar í

skýrslunni. Úrslit í flestum mótum sem hér er getið má finna á heimasíðu Frjálsíþróttasambands Íslands, www.fri.is

Stórmót ÍR

Þrettán keppendur frá UFA tóku þátt í stórmóti ÍR sem fram fór í Reykjavík helgina 15. og 16. janúar. Gerði okkar fólk góða ferð og vann til nokkurra til verðlauna. Hinn kunnri þjálfari, Unnar Vilhjálmsson fór fyrir hópnum og var mannskapurinn glaðbeittur og ánægður við heimkomuna.

Meistaramót Íslands

Hópurinn sem hélt til keppni á MÍ í Reykjavík helgina 13. og 14. febrúar undir forystu Unnars Vilhjálmssonar átti þokkalegu gengi að fagna. Það voru níu ungmenni frá UFA sem héldu suður og með í för voru þrír keppendur frá UMSE og einhver samvinna var einnig við HSP um ferðatilhögun. Þó ungmennunum hafi gengið þokkalega náði ekkert þeirra á verðlaunapall, en voru í nokkrum tilvikum með tærnar við hann.

Meistaramót Íslands 15 til 22 ára

Ellefu keppendur tóku þátt í MÍ 15 til 22 ára sem fram fór í Reykjavík. Stóð okkar fólk sig afar vel, hélt heim með tvo Íslandsmeistaratitla og náði þeim athyglisverða árangri að verða í þriðja sæti í stigakeppni á mótinu sem er ótrúlega gott þar sem ekki var um fjölmennari hóp að ræða. Þjálfararnir Unnar og Gísli fylgdu okkar æskufólki eftir á þessu móti.

Aðalfundur Ungmennafélags Akureyrar

Aðalfundur UFA var haldinn í Íþróttateríunni á Akureyri 24. febrúar. Að venju sýndi Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri félaginu þá virðingu að sitja fundinn og stýra honum. Íþróttamaður UFA var kynntur og að þessu sinni hlaut Ragnar Hólm Ragnarsson titilinn. Nánar er fjallað um fundinn framar í skýrslunni.

Fjölprautamót í Egilshöll

Íslandsmót í sjöþraut sóttu tveir ungir piltar í sveinaflokk. Þetta var frumraun þeirra í þessari erfiðu grein og stóðu þeir sig eftir vonum. Þeim til halds og trausts var Gísli Sigurðsson frjálsíþróttþjálfari.

Meistaramót Íslands 12 til 14 ára

Hinn óþreytandi dugnaðarforkur, Unnar Vilhjálmsson hélt til Reykjavíkur með um tíu manna hóp til keppni á MÍ 12 til 14 ára. Stóðu krakkarnir sig vel og lönduðu þremur Íslandsmeistaratitlum.

Vel heppnuð æfinga- og keppnisferð

Elsti hópurinn fór með Unnari á héraðsmót HSB á Lauga í Reykjadal, laugardaginn 9. apríl. Auk þess að keppa við Þingeyinga dvöldu þau á staðnum næturlangt við æfingar og leiki. Um tuttugu ungmenni fóru í þessa ferð sem þótti takast með ágætum.

1. Maí hlaupið

Hátt í þrjúhundruð þátttakendur voru í 1. maí hlaupinu sem heppnaðist í flesta staði vel. Valsárskóli á Svalbarðsströnd bar sigur úr bítum annað árið í röð.

Rannveig í Rúanda

Hinn kunní langhlaupari, Rannveig Oddsdóttir tók þátt í friðarmaræðni sem haldið var í Rúanda. Gerði Rannveig sér lítið fyrir og náði öðru sæti í hlaupnu.

Vormót UMSS

Sex keppendur frá UFA tóku þátt í vormóti UMSS og gerðu góða ferð, en á Sauðarkróki eru keppnisaðstæður eins og best verður á kosið.

Vormót UFA

Að venju stóð Ungmennafélag Akureyrar fyrir vormóti á Akureyrarvelli. Keppendur voru rösklega 100 sem er svolítil fækkun. Er sú fækkun einungis bundin þátttöku úr nágrennabyggðum þar sem aðstæður til æfinga og keppni eru orðnar betri en við búum við. Auk okkar féлага sóttu mótið Þingeyingar, Eyfirðingar, auk örfárra Skagfirðinga og eins Reykvíkings. Mótið gekk vel fyrir sig og var þeim sem að stóðu til sóma. Aðstæður geta engan vegin talist fyrsta flokks en margir keppendur náðu engu að síður þökkalegum árangri.

Fjölskyldan á fjallið

Þann 10. júní var efnt til göngunnar “fjölskyldan á fjallið”. Þátttakendur voru tuttugu og einn á aldrinum átta ára til sextíuogfimm ára. Gengin var svokölluð Þingmannaleið yfir Vaðlaheiði, frá Hróarsstöðum í Fnjóskadal og komið niður hjá Eyrarlandi í Eyjafjarðarsveit. Veður var bjart og andaði köldu úr norðri.

Fjölþraut á Króknum.

Helgina 11. og 12. júní fór fram Meistaramót Íslands í fjölþraut á Sauðarkróki. UFA átti þar fjóra keppendur sem stóðu fyrir sínu líkt og þeirra er vandí.

Styrktarsamningur við Sparisjóð Norðlendinga og Þekkingu

Á vordögum var gerður styrktarsamningur, annarsvegar á milli UFA og hins vegar Sparisjóðs Norðlendinga og Þekkingar. Leggja þessi góðu fyrirtæki Ungmennafélaginu til nokkra fjármuni, en í staðinn kynna félagar í UFA Sparisjóðinn og Þekkingu með ýmsum hætti.

Vormót UMSE

Góð þátttaka UFA félaga var í Vormóti UMSE sem fram fór á Akureyrarvelli 22. júní. Stóðu krakkarnir sig vel að vanda.

Goggi Galvaski

Nokkur hópur krakka fór á Gogga Galvaska helgina 25. til 26. júní, en Goggi er íþróttamót sem Afturelding í Mosfellsbæ stendur fyrir. Áhugasamir foreldrar fylgdu krökkunum eftir, en María Aldís Sverrisdóttir sem er eldri félögum í UFA af góðu kunn, aðstoðaði krakkana á vellinum. Þótti ferðin heppnast vel.

Bikarkeppni FRÍ

Sömu helgi, eða 25. og 26. júní fór Bikarkeppni FRÍ, önnur deild fram á Sauðárkróki. Þangað sendi UFA sameiginlegt keppnislið með UMSE. Hörð keppni var og mjótt á munum á milli topps og botns sætis. Nágrannar okkar, Þingeyingar sigruðu keppnina en hlutskipti UFA var að verma botnsætið ásamt Húnavetningum en aðeins sjö stig skildu að botn- og toppsæti.

Sumarhátíð ÚÍA

Helgina 9. og 10. júlí fór sumarhátíð ÚÍA fram á Egilsstöðum. Þangað fóru margir iðkendur UFA og var um nokkurs konar fjölskylduferð að ræða. Árangur okkar fólks var góður enda allar aðstæður til keppnishalds á Egilsstöðum eins og best verður á kosið.

Akureyrarmót

Dagana 12. 14. og 19. júlí fór Akureyrarmót fram á Akureyrarvelli. Mótið var með góðri þátttöku af okkar iðkendum, en gestir frá UMSE voru einnig allmargir.

Meistaramót Íslands

Átta keppendur frá UFA tóku þátt í MÍ sem fram fór á Egilsstöðum dagana 23. og 24. júlí. Áttu þeir þokkalegu gengi að fagna.

Unglingalandsmót

Um verslunarmannahelgina eða 29. til 31. júlí fór Unglingalandsmót UMFÍ fram í Vík í Mýrdal. Ferð þessi var hugsuð sem fjölskylduferð. Innan við tíu krakkar tóku þátt í keppninni og stóðu sig öll afar vel. Langt er til Víkur og hefur það eflaust hamlað eitthvað þátttöku. Líkt og á síðustu mótum rákum við sameiginlegar tjaldbúðir með UMSE og var það samstarf hnökralaust sem fyrr. Sonja Sif íþróttakennari fylgdi liðinu eftir á íþróttavellinum. Unglingalandsmótin eru búin að vinna sér fastan sess í hugum margra íþróttunnenda og eru mjög fjölsóttar samkomur þar sem heilbrigði og hreysti eru í fyrirrúmi.

Meistaramót Íslands 12 til 14 ára

MÍ 12 til 14 ára var haldið í Kaplakrika í Hafnarfirði dagana 13. og 14. ágúst. Sautján keppendur tóku þátt í mótinu og stóðu sig frábærlega. Níu Íslandsmeistaratitlar voru í farteskinu er heim var haldið. Ljóst er að Ungmennafélag Akureyrar þarf ekki að örvænta um árangur síns fólks í framtíðinni, ef það unga og efnilega fólk sem þarna fór leggur rækt við íþrótt sína. Unnar Vilhjálmsson stýrði þessum glæsilega hópi sem hafnaði í þriðja sæti í heildarstigakeppninni.

Meistaramót Íslands 15 til 22 ára

Átján keppendur tóku þátt í MÍ 15 til 22 ára sem fram fór á Sauðárkróki 20. og 21. ágúst. Undir stjórn Gísla Sigurðssonar og Unnars Vilhjálmssonar hafnaði hópurinn í þriðja sæti í heildar stigakeppninni en þó unnust einungis þrír Íslandsmeistaratitlar. Því er sýnt að breidd er góð í hópnum og í honum margir einstaklingar sem geta átt framtíð fyrir sér við iðkun frjálsra íþrótta.

Haustfagnaður UFA

Haustfagnaður UFA var haldinn í Kjarnaskógi 31. ágúst. Skemmtu sér þar saman um 120 manns við leiki og virtist kynslóðabilið hverfa að mestu. Fólk gæddi sér á góðgæti frá Jóni Spretti og Nóa Sírúsi ásamt fleiru sem girnilegt þótti. Sýnir þessi góða þátttaka vaxandi félagslegan styrk Ungmennafélags Akureyrar og boðar bjarta tíma.

Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri

Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri fór fram 10. september að Laugarvatni. Sameiginlegt lið var sent frá UFA og UMSE. Hafnaði liðið í 5. sæti af 9 liðum. Dálítið vantaði í keppnislið okkar að þessu sinni og flestir sem þátt tóku í mótinu eiga eitt til tvö ár eftir í aldursflokknum. Því verður árungr liðsins að teljast góður.

Akureyrarhlaup

Þann 17. september fór Akureyrarhlaup fram í blíðskapar veðri. Þátttakendur voru um 150 manns sem hlupu ýmist 21,1, 10 eða 3 km.

Kosningablað UFA

Kosningablað var gefið út í tilefni sameiningarkosninga sveitafélaga í Eyjafirði. Er um vandað rit að ræða sem dreift var á öll heimili á kosningasvæðinu. Hópur fólks sem vann að útgáfu blaðsins, skilaði verki sínu vel. Um leið og blaðið kynnir starf UFA skilar það félaginu drjúgum fjármunum í sjóði þess og leggur grunn að traustum fjárhag.

Haustfundur UFA

Haustfundur UFA fór fram í Teríunni í Íþróttahöllinni 5. október. Fundarsókn var góð, en alls mættu um 70 manns á fundinn. Veittar voru viðurkenningar fyrir Akureyrarmótið, Íslandsmeistarar heiðraðir og vetrarstarfið kynnt.

Bogamót UFA

Helgina 5.og 6. nóvember fór haustmót UFA fram með þátttöku keppenda frá HSP, UMSE og UMSS auk okkar fólks. Rösklega 100 þátttakendur tóku þátt í mótinu sem að þessu sinn var stigakeppni á milli félaga þar sem UFA bar nauman sigur úr bitum en fast á hæla okkar fólks kom HSP. Þótt sérkennilegt sé, verður að telja okkur fremur heppin með veður mótisdagana, en þó þótti ýmsum kalt í Boganum.

Mót á vegum HSP

Hópur keppenda frá UFA hélt til Húsavíkur laugardaginn 17. nóvember og tók þátt í innanhúsmóti HSP sem gestir. Slík samskipti við granna okkar eru einungis af hinu góða og verður vonandi framhald á.

Bætingamót UFA

Í kring um mánaðamótin nóvember og desember hélt UFA 3 lítil mót í nokkrum völdum greinum. Á eitt þeirra komu grannar okkar úr Þingeyjarsýslu með tímatökutæki sín svo allt væri löglegt í þeim hlaupum sem fram fóru, enda slík tæki ekki til í okkar fórum og því ekki mögulegt að halda löglegt mót án aðstoðar utan frá.

Viðurkenningarhóf íþróttá- og tómstundaráðs Akureyrar

Árlegt hóf íþróttá- og tómstundaráðs var haldið 28. desember. Var það glæsilegur 16 manna hópur frá UFA sem þar stóð á palli og veitti verðlaunum viðtöku frá ÍTA fyrir Íslandsmeistaratitla.

Gamlárshlaup og ganga UFA

Samkvæmt venju fór gamlárshlaupið fram á Gamlársdag. Gamlárshlaupið er eitt af elstu mótum UFA og er núorðið auk þess eitt af vetrarhlaupum Langhlauparadeildar UFA. Þátttaka var góð en 60 manns tóku þátt og hlupu eða gengu ýmist 10 eða 4 km. Skemmtilegt er að svo stór hópur fólks skuli kjósa að ljúka árinu á svo heilbrigðan hátt.

Fyrirmyndarfélag

Unnið hefur verið að því á árinu að koma UFA í hóp fyrirmyndarfélaga ÍSÍ. Gjaldkeri félagsins, Guðmundur Víðir Gunnlaugsson, hefur borið hitann og þungann af þeirri vinnu. Væntum við að það verkefni verði í höfn snemma árs 2006 og að Ungmennafélag Akureyrar verði sæmt nafnbótinni Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Þjálfarar

Frjálsíþróttaiðkun stendur nú með blóma hjá UFA og störfuðu Unnar Vilhjálmsson og Gísli Sigurðsson allt árið hjá félaginu og báru hitann og þungann af þjálfuninni. Sonja Sif Jóhannsdóttir leysti þá félagið af í fríum í sumar. Einnig störfuðu hjá félaginu leiðbeinendurnir Inga Vala Gísladóttir og Valgerður Þorsteinsdóttir. Öllu þessu góða fólki eru þökkun vel unnin og afskaplega óeigingjörn störf. Ljóst má vera að þeirra framlag er að skila iðkendum okkar vel fram á við í

Íþróttinni og ef fram heldur sem horfir verða keppendur okkar komnir í fremstu röð innan fárra ára.

Úrvalshópur FRÍ

Nokkrir iðkendur UFA náðu þeim árangri að komast í úrvalshóp FRÍ á árinu 2005 en þangað komast ungmenni frá 15 ára aldri upp í 22 ára.

Voru þetta Aðalbjörn Hannesson, Ragnar Hólm Ragnarsson, Þorsteinn Helgi Guðmundsson, Bjarki Gíslason og Hulda Rún Ingvarsdóttir.

Starfsemi Langhlauparadeildar UFA 2004

Starfsemi Langhlauparadeildarinnar var með svipuðu sniði og árin á undan og var þungamiðjan í starfseminni reglulegar æfingar árið um kring og hlaupahald.

Deildin stóð fyrir æfingum þrjá daga vikunnar. Skipulag æfinga var sem fyrr í höndum virkustu meðlima hverju sinni og hver og einn valdi hraða og vegalengd við sitt hæfi. Nýliðun í hópnum var nokkur og þá sérstaklega á síðustu mánuðum ársins sem verður að teljast all sérstakt, en ánægjulegt.

Langhlauparadeildin aðstoðaði við undirbúning þeirra hlaupa sem UFA stóð fyrir á árinu og stóð auk þess fyrir sólarlagshlaupi í lok maí og vetrarhlaupasyrpu sem samanstendur af sex hlaupum yfir vetrarmánuðina. Flest voru hlaupin vel sótt og voru félagsmenn sérstaklega ánægðir með þátttökuna í vetrarhlaupunum en þátttakendum í þeim fjölgar ár frá ári. Auk formlegra keppnishlaupa hefur deildin staðið fyrir nokkrum skemmtilegum hlaupatúrum á svæðinu. Má þar nefna hlaup yfir Bíldsárskarð og fram á Glerárdal. Félagsmenn tóku einnig þátt í friðarhlaupi Sri Chinmoy umhverfis landið og hlupu með kyndilinn ofan úr Víkurskarði og inn á Akureyri.

Félagsmenn sáust meðal þátttakenda í hlaupum vítt og breitt um landið á árinu. Formaðurinn gerði sér auk þess lítið fyrir og skrappt til Rúanda í Afríku og hljóp þar maraþon eins og fram kemur hér að framan.

Langhlauparadeildin á sitt svæði á heimasíðu UFA. Þar er hægt að fylgjast með því helsta sem er á döfinni í hlaupum á norðurlandi hverju sinni, lesa greinar um hlaup og hlaupaferðir félagsmanna og ýmislegt annað sem tengist hlaupum.

Stjórn deildarinnar skipa: Rannveig Oddsdóttir, formaður.
Þengill Jóhannesson, meðstjórnandi
Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi
Finnur Friðriksson, varamaður

Lokaorð

Hér að framan er getið þess helsta sem fram fór á vegum félagsins á árinu 2005, en án efa hefur eitthvað gleymst sem eðlilegt hefði verið að fjalla um í skýrslunni. Stjórnin sem er sjö manna, auk tveggja varamanna sem boðaðir eru á alla stjórnarfundum, var vel virk á árinu og lengst af störfum hlaðin. Ýmis verkefni hafa komið upp á borðið sem ekki hefur tekist að ljúka enda takmörkum háð hversu miklu hægt er að hlaða á sjálfboðaliða í svona starfi. Því gerist það aftur og aftur, að hæft og áhugasamt forystufólk hverfur allt of fljótt af vettvangi vegna ofálags. Eru því allar vinnufúsar hendur vel þegnar til starfa fyrir UFA.

Nokkur hefð er kominn á mótahald UFA.

Fjögur mót standa nokkuð upp úr hvað þátttöku varðar en þar er um að ræða 1. maí hlaupið, Vormótið, Akureyrarhlaupið og Bogamótið.

1. maí hlaupið er fjölsóttasta mót félagsins og hefur verið vel stutt af styrktaraðilum mótsins og verður að teljast nokkur skrautfjöldur í starfi félagsins.

Vormótið hefur fest sig nokkuð í sessi, en aðstæður á Akureyrarvelli eru mjög hamlandi við að ná til frjálsíþróttaiðkenda annars staðar af Norðurlandi.

Akureyrarhlaupið hefur farið fram í september síðastliðin 4 ár. Líkt og mörg önnur götuhlaup hefur þátttaka í því verið að dragast saman á síðustu árum. Hefur sú hugmynd komið fram að kanna hvort vilji sé til að tengja hlaupið Akureyrarvöku og reyna með því að ná til almennings á Akureyri og freista þess að ná upp fjöldaþátttöku líkt og áður var.

Bogamótið er innanhúsmót sem sett er upp fyrir frjálsíþróttafólk á Norðurlandi.

Hefur það verið haldið í byrjun nóvember og eru helstu vankvæði við það mótahald að húsið skuli vera jafn kalt og raun ber vitni.

Undirbúningur æfingaferðar um næstu páska til heitara lands hefur staðið yfir allt árið. Er sú ferð fyrir iðkendur fædda 1990 og fyrr. Einnig er í undirbúningi keppnisferð til Gautaborgar í júlíbyrjun fyrir krakka fædda 1991 og síðar. Fjáröflunarstarf fyrir þessi verkefni hefur staðið yfir allt árið og gengið vel.

Árið 2009 verður landsmót UMFÍ haldið hér á Akureyri í umsjá Ungmennafélags Akureyrar og Ungmennasambands Eyjafjarðar. Er þar mikið verkefni á ferð og koma öll viðfangsefni sem UFA hefur staðið fyrir til þessa til með að fölna í samanburði við landsmótsverkefnið. Kemur þetta mótahald til með að krefjast verulegs mannafla og ljóst má vera að þá reynir mikið á samstarf mótshaldaranna, UFA, UMSE, UMFÍ og einnig þarf Akureyrarbær að koma þar vel að málum.

Þetta verður afmælistmót landsmótanna, en árið 1909 var fyrsta landsmót ungmennafélaganna haldið einmitt hér á Akureyri, eða nánar til tekið á Oddeyrartúni. Aldarafmælisins verður því minnst með veglegum hætti. Því er brýnt að öll aðstaða til mótahaldsins verði sem best, en í raun er flest sem til þarf til staðar á Akureyri þótt nokkur galli sé hve íþróttamannvirki eru dreifð um bæinn og ekki unnt að koma fyrir stórum tjaldsvæðum í nálægð við helstu keppnisstaðina.

Eins og kunnugt er vantar þó frjálsíþróttavöllinn og er umræðan um staðsetningu hans orðin hávær í samfélaginu. Vonandi fæst niðurstaða í það mál innan skamms svohægt verði að hefjast handa við byggingu hans. Brýnast er þó að sú aðstaða verði sem glæsilegust og þjóni þörfum íþróttarinnar sem mest, best og sem lengst.

Stjórn UFA vill þakka þeim fjölmörgu sem lagt hafa félaginu lið á árinu með einum eða öðrum hætti. Sérstakar þakkir færur við þjálfurum félagsins sem oft á tíðum sýndu mikla fórnfýsi og eljusemi. Ungmennafélag Akureyrar er lánsamt að hafa jafn duglegt, metnaðargjarnt og hæfileikaríkt fólk á sínum snærum sem raun ber vitni.

Fyrir hönd stjórnar Ungmennafélags Akureyrar

Gísli Pálsson formaður
Rannveig Oddsdóttir ritari



Lög félagsins

1. grein

Félagið heitir Ungmennafélag Akureyrar, skammstafað UFA. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

2. grein

Tilgangur félagsins er:

1. Að efla íþróttastarfsemi á Akureyri með aðaláherslu á iðkun frjálsra íþrótta.
2. Að stuðla að þroskandi félagsstarfi.
3. Að vinna að heilbrigðu líferni og gegn hvers konar notkun vímuefna.

3. grein

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Þá skal kjósa 7 menn í stjórn og 2 menn í varastjórn sem stíja fundi. Stjórnin velur sér formann en skiptir að öðru leyti með sér verkum. Endurkjör er heimilt.

4. grein

Aðalfund skal boða með minnst 10 daga fyrirvara nema um útvarpsauglýsingu sé að ræða þá með 5 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Þá getur stjórn félagsins boðað til almenns félagsfundar ef þurfa þykir. Einnig er stjórninni skylt að boða til almenns félagsfundar ef 15 félagar eða fleiri æskja þess og skulu þessir fundir boðaðir með minnst 5 daga fyrirvara.

5. grein

Árgjöld félagsmanna skal ákveða á aðalfundi. Reikningsár er frá áramótum til næstu áramóta.

6. grein

Félagar geta allir orðið karlar og konur ef meirihluti stjórnar samþykkir umsókn þeirra. Umsókn um inntöku skal vera skrifleg, vísa má beiðni um inntöku til endanlegrar ákvörðunar almenns félagsfundar. Börn yngri en 12 ára hafa ekki atkvæðisrétt en hafa heimild til fundarsetu.

7. grein

Stjórn félagsins sér um allar framkvæmdir þess og skal hún leggja fram fjárhagsáætlun til umræðu og samþykktar á aðalfundi og ber gjaldkera að haga greiðslum sínum sem mest eftir henni. Heimilt er að starfrækja deildir innan félagsins til þess að sjá um ákveðna þætti starfseminnar, þær deildir hafa ekki ráðstöfunarrétt á fjármálum félagsins nema með samþykki aðalstjórnar.

8. grein

Félögum er skylt að hlýða lögum félagsins og annast þau störf í þágu félagsins sem félagsfundur eða stjórn félagsins felur þeim.

9. grein

Úrsögn úr félaginu tekur formaður til greina með því skilyrði að viðkomandi sé skuldlaus við félagið. Úrsögn skal vera skrifleg og á þar til gerðum eyðublöðum.

10. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætum aðalfundi og þurfa tillögur um lagabreytingar að berast til stjórnar félagsins með minnst 7 daga fyrirvara. Samþykki 2/3 hluta fundarmanna þarf til að lagabreytingar öðlist gildi.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Dags 25. febrúar 2003.